



Reykjavík, 8. júní 2021
R21060074
030

Borgarráð

Trúnaðarmerkingar gagna á fundum borgarráðs.

Vísað er til tölvuskeytis, dags. 7. júní 2021, sviðsstjóra þjónustu- og nýsköpunarsviðs til borgarlögmanns og skrifstofustjóra borgarstjórnar þar sem vakin er athygli á því að á fundi borgarstjórnar 1. þ.m. hafi komið fram í máli borgarfulltrúa, upplýsingar úr trúnaðarmerktum gögnum sem voru lögð fram á fundi borgarráðs 20. maí 2021. Þá hafi sömu upplýsingar auk annarra trúnaðarmerktra upplýsinga, þ.e. upplýsingar sem er að finna í trúnaðarmerktum gögnum sem lögð voru fram á fundi borgarráðs 3. júní 2021, verið tilgreindar í grein eftir sama borgarfulltrúa sem birtist á vefmiðli Vísis 2. júní 2021. Í tilvitnuðu tölvuskeyti kemur fram að birting umræddra upplýsinga geti skaðað hagsmuni Reykjavíkurborgar í fyrirhuguðum innkaupaferlum á vegum þjónustu- og nýsköpunarsviðs, en um er að ræða upplýsingar um fjárhæðir í frumkostnaðaráætlunum.

Þær frumkostnaðaráætlanir sem lagðar voru fram á fundum borgarráðs 20. maí og 3. júní 2021 hafa að geyma upplýsingar um fyrirhugaðar ráðstafanir á vegum Reykjavíkurborgar og er birting þeirra til þess fallin að hafa áhrif á væntanleg innkaupaferli þannig að þau muni ekki skila tilætluðum árangri, sbr. 5. tölul. 10. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012. Þá teljast umræddar kostnaðaráætlanir til vinnugagna í skilningi upplýsingalaga nr. 140/2012, sbr. 5. tölul. 6. gr. og 8. gr. laganna, en réttur almennings til aðgangs að gögnum samkvæmt upplýsingalögum tekur ekki til vinnugagna. Jafnframt er birting upplýsinga úr umræddum frumkostnaðaráætlunum til þess fallin að raska samkeppni í fyrirhuguðum innkaupaferlum, sbr. 15. gr. laga nr. 120/2016 um opinber innkaup, þar sem bjóðendur hafa nú upplýsingar um mat þjónustu- og nýsköpunarsviðs á kostnaði vegna þeirra og gætu miðað fjárhæð væntanlegra tilboða sinna við það. Það leiðir til skertrar samkeppni á milli bjóðenda í fyrirhuguðum útboðum og mögulega til hærri kostnaðar Reykjavíkurborgar. Með vísan til þess var þjónustu- og nýsköpunarsviði bæði heimilt og skylt að lögum að leggja gögn þessi fram í trúnaði og bar borgarfulltrúum sem og öðrum að virða þann trúnað.

Af þessu tilefni skal áréttað að borgarfulltrúar eru bundnir þagnarskyldu um upplýsingar sem eru trúnaðarmerktar á grundvelli laga eða annarra reglna eða þegar að öðru leyti æðnauðsynlegt að halda þeim leyndum til verndar verulegra opinbera hagsmuna, sbr. 4. mgr.

gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 1. mgr. 42. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Brot á þagnarskyldu samkvæmt tilvitnuðu ákvæði stjórnsýslulaga varðar refsingu samkvæmt 136. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 5. mgr. 42. gr. stjórnsýslulaga. Einnig er áréttað að þrátt fyrir að borgarfulltrúar séu sjálfstæðir í störfum sínum þá eru þeir engu að síður bundnir af lögum og ber í hvívetna að gæta að almennum hagsmunum íbúa sveitarfélagsins sem og öðrum almannahagsmunum, sbr. 2. mgr. 24. gr. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Mikilvægt er að ávallt sé gætt ítrustu hagsmuna Reykjavíkurborgar við innkaup. Til að ná því markmiði er mælt með því að það verði skoðað hvort eftirleiðis eigi að viðhafa breytt verklag við framlagningu slíkra mála, þ.e. þegar hluti málgagna lýtur trúnaði.

Virðingarfyllst

Ebba Schram, borgarlögmaður

Helga Björk Laxdal, skrifstofustjóri borgarstjórnar

Hjálagt:

Tölvubréf sviðsstjóra þjónustu- og nýsköpunarsviðs dags. 7. júní sl. - trúnaðarmál